

Fundur haldinn í skólanefnd 18.janúar 2007 á skrifstofu
Tálknafjarðarhrepps, Miðtúni 1, kl. 17.00

Mætt undirrituð og fyrirtekið

1. Bréf frá oddvita varðandi sérfræðiþjónustu í Leik- og Grunnskóla Tálknafjarðarhrepps. Málefni sérfræðiþjónustunnar voru rædd frá ýmsum sjónarhornum. Ingólfur kom með yfirlit yfir starfsemi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og leist okkur vel á það, en Ingólfur tók að sér að kanna þann möguleika áfram, um hvort hægt væri að notfæra sér þeirra þjónustu eða jafnvel ganga inn í samlagið. Guðlaug Björnsdóttir tók að sér að tala við sérkennarann á Patreksfirði, hana Helgu, síðan var ákveðið að hitta kennara við skólann og leikskólann og heyra hvað þeir segja um störf talmeinafræðingsins.

Fundargerð upplesin og samþ. samhljóma.

Fundi slitið kl. 18.20

Guðlaug S. Björnsdóttir (ritar fundargerð) .

Ingólfur Kjartansson.

Guðlaug Björgvinsdóttir.

Birna Ben.

Sigurlaug Guðmundsdóttir.

Andri Þór Lefever.

Elísabet Kjartansdóttir